



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Aðild að Viðskiptaráði Íslands

Af hverju á ég að gerast félagi að Viðskiptaráð Íslands?

Viðskiptaráð Íslands hefur frá stofnun árið 1917 barist fyrir hagfelldu rekstrarumhverfi íslensks atvinnulífs. Þó svo verulega hafi miðað í rétta átt í þessum efnum er líklegt að áföll eins og þau sem riðu yfir íslenskt efnahagslíf á haustmánuðum 2008 komi til með að hægja á þroska og þróun atvinnulífs í átt til frelsis og skilvirkra viðskiptahátta. Á slíkum tímum er áriðandi fyrir aðila í einkarekstri að hafa öflugan, óháðan málsvara sem veitir stjórnvöldum aðhald og varðar leið til samkeppnishæfara atvinnulífs.

Viðskiptaráð berst fyrir hagsmunum aðildarfélaga, jafnt beinum sem óbeinum. Ráðið veitir einstökum félögum margvíslega hagnýta þjónustu. Þessi þjónusta felur í sér markvissa hagsmunagæslu, jafnt gagnvart stjórnvöldum sem og einkaaðilum, miðlun og öflun hagnýtra upplýsinga, aðstoð við erlend samskipti, almenna lögfræðiþjónustu og margt fleira.



Það sem þó telst mikilvægast þátturinn í starfi Viðskiptaráðs er barátta ráðsins fyrir því að þær grunnforsendur sem samkeppnishæft viðskiptalíf byggir á verði í heiðri hafðar á Íslandi. Frá stofnun hefur Viðskiptaráð unnið eftir því leiðarljósi að frelsi í viðskiptum, einkaframtak og takmörkuð inngrip hins opinbera leiði til samkeppnishæfs atvinnulífs, lífsgæða og skapandi mannlífs. Þessar forsendur endurspeglast í öllu starfi ráðsins, frá stefnumótandi skýrslum Viðskiptaþings til áherslna í umsögnum um löggjöf til Alþingis. Í þessu starfi er ekki gengið erinda tiltekinna fyrirtækja, heldur eru hagsmunir heildarinnar hafðir að leiðarljósi og því, með óbeinum hætti, hagsmunir allra íslenskra fyrirtækja.

Starfsemi Viðskiptaráðs byggir að öllu leyti á stuðningi aðildarfélaga. Ráðið er rekið á grundvelli félagsgjalda og þiggur ekki fjárframlög frá hinu opinbera. Viðskiptaráð gengur því óháð og óbundið hinu opinbera til baráttu fyrir hagsmunum aðildarfélaga og verður slíkt sjálfstæði að teljast eitt mikilvægasta veganestið í þeirri vegferð.

Stór og víðtækur félagagrunnur er því forsenda öflugrar starfsemi Viðskiptaráðs. Með aðild að Viðskiptaráði geta öll fyrirtæki, smá sem stór, lagt lóð sitt á vogarskálar og unnið að bættu umhverfi viðskipta á Íslandi, atvinnulífi og samfélagi til heilla.

Ég hlakka til að vinna að frekar framfaramálum íslensks viðskiptalífs í samstarfi við þitt fyrirtæki.

Með kveðju,
Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs

Hlutverk Viðskiptaráðs Íslands

Viðskiptaráð Íslands eru frjáls samtök félaga, fyrirtækja og einstaklinga í íslensku atvinnulífi. Allir sem stunda rekstur, hvort sem er í smáum eða stórum stíl, geta átt aðild að ráðinu. Viðskiptaráð er vettvangur atvinnulífsins til þess að vinna að hvers konar framförum að bættu starfsumhverfi og aukinni velmegun.

Megintilgangur Viðskiptaráðs er og hefur ávallt verið að gæta hagsmuna viðskiptalífsins. Hagsmuna ber fyrst og fremst að gæta gagnvart stjórnvöldum, en einnig í síaukunum mæli gagnvart erlendum aðilum. Það er ekki síður hlutverk Viðskiptaráðs að efla skilning almennings á mikilvægi frjálsræðis í viðskiptum, lágmörkun opinberra afskipta, hagfellds skattaumhverfis og annarra þátta er miða að því að auka samkeppnishæfni Íslands. Í starfi sínu hefur ráðið ávallt haft það að leiðarljósi að viðskiptalífinu sé best borgið með frjálsri samkeppni, því þannig fái kostir einkaframtaksins að njóta sín.

Viðskiptaráð berst jafnt fyrir málum er varða viðskiptalífið allt sem og hagsmunamálum einstakra félaga. Reglulega eru gefnar út skýrslur og skoðanir um þau málefni sem eru efst á baugi í viðskiptalífinu hverju sinni auk þess sem ráðið gerir þeim málum ítarleg skil sem aðildarfélög telja mikilvægt að tekin séu til umræðu á opinberum vettvangi.

Viðskiptaráð er öflugur bakhjarl menntunar og hefur lagt sérstaka áherslu á uppbyggingu viðskiptanáms hérlendis. Í gegnum Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV) á ráðið bæði Verzlunarskóla Íslands og meirihluta í Háskólanum í Reykjavík. Öflugt menntakerfi er forsenda samkeppnishæfi hagkerfa og því er stuðningur Viðskiptaráðs við menntun á Íslandi mikið hagsmunamál fyrir atvinnulífið.

Viðskiptaráð skilar umsögnum í tengslum við alla lagasetningu á sviði efnahags- og viðskiptamála og hefur þannig frumkvæði að úrbótum á lögum. Auk þess getur ráðið kallað eftir öðrum frumvörpum til umsagnar er varða hagsmuni aðildarafélaga. Ráðið er einnig vettvangur innlendra og alþjóðlegra tengsla. Í gegnum tíðina hefur farið fram öflugt samstarf við önnur viðskiptaráð og hagsmunasamtök erlendis sem miðar að því að bæta aðgengi innlendra fyrirtækja að erlendum mörkuðum og styrkja velvild í þeirra garð. Ráðið starfrækir einnig sérstök millilandarád, bæði með beinum hætti og í samstarfi við aðra. Í dag eru sjö millilandarád starfrækt af hálfu Viðskiptaráðs.

Með því að gerast aðili að Viðskiptaráði Íslands getur fyrirtæki þitt tekið þátt í að móta íslenskt viðskiptalíf, notfært sér margvíslega þjónustu ráðsins, komið hugmyndum og málefnum á framfæri, varið mikilvæga viðskiptahagsmuni í gegnum þriðja aðila og eftt bæði innlent og alþjóðlegt tengslanet.

Þjónusta Viðskiptaráðs

Viðskiptaráð veitir aðildarfyrirtækjum sínum ráðgjöf og þjónustu án endurgjalds. Hvort heldur er um ráðgjöf, almenna þjónustu eða vinnu að hagsmunamálum fyrirtækja gerir ráðið sitt besta við að leysa hratt og greiðlega úr málum félaga sinna. Starfsfólk ráðsins er aðildarfyrirtækjum mjög aðgengilegt og skrifstofurnar opnar alla virka daga.



Almenn hagsmunagæsla:


- ▶ Sem heildarsamtök viðskiptalífsins starfar Viðskiptaráð óskipt að hagsmunum allra sem stunda viðskipti. Það er eitt öflugusta tæki viðskiptalífsins í baráttu fyrir úrbótum á almennu rekstrarumhverfi fyrirtækja og bættum starfsskilyrðum með jafnræði, frjálssa samkeppni, heilbrigða viðskiptahætti og lágmörkun ríkisrekstrar að leiðarljósi.
- ▶ Aðild að Viðskiptaráði gefur fyrirtækjum kost á að hafa áhrif á stefnumótun ráðsins og koma hagsmunamálum sínum á framfæri á öflugum vettvangi. Þau mál er koma á borð Viðskiptaráðs geta jafnt varðað viðskiptalífið í heild sem og þrengri hagsmuni aðildarfyrirtækja.

Miðlun og öflun upplýsinga:

- ▶ Alþjóðavæðing íslensks viðskiptalífs hefur gert það að verkum að Íslendingar og íslensk fyrirtæki hafa mikilla hagsmuna að gæta gagnvart erlendum markaðsaðilum og öflugt upplýsingastreymi er orðinn grundvallarþáttur í samkeppnishæfni þeirra. Á undanförunum misserum hefur Viðskiptaráð Íslands lagt mikla vinnu í að útbúa aðgengilegar upplýsingar og miðla þeim til erlendra aðila sem hafa áhuga á íslensku viðskipta- og fjármálalífi.
- ▶ Nýlegar sviptingar hafa sýnt enn frekar fram á mikilvægi skilvirks upplýsingastreymis og þau vandamál sem geta skapast vegna skorts á samskiptum. Viðskiptaráð hefur brugðist við þessum vanda með því að útbúa efni af ýmsum toga sem hefur auðveldað aðildarfélögum að skýra stöðu fyrirtækisins og hagkerfisins fyrir helstu hagsmunaaðilum. Efnið hefur ávallt verið unnið í nánu samstarfi við aðildarfélög Viðskiptaráðs.
- ▶ Viðskiptaráð gefur auk þess reglulega út Fréttabréf Viðskiptaráðs þar sem miðlað er hagnýtum upplýsingum til aðildarfélaga. Þar er farið yfir starfsemi og útgáfu ráðsins, greint frá helstu lagabreytingum og öðrum ákvörðunum stjórnvalda er varða hagsmuni aðildarfélaga og komið á framfæri skilaboðum er varða málefni liðandi stundar.

Málsvari gagnvart hinu opinbera:

- ▶ Aðild að Viðskiptaráði Íslands er frjáls, ólíkt því sem tíðkast hjá viðskiptaráðum víða erlendis. Þetta gefur ráðinu mikilvæga sérstöðu þar sem starfsemi þess er ekki háð hagsmunum neinna annarra en aðildarfélaga. Þar sem ráðið er með öllu óháð framlögum eða annarri fyrirgreiðslu af hálfu stjórnvalda er það í mun sterkari stöðu til að veita það mikilvæga aðhald sem þörf er á.
- ▶ Viðskiptaráð beitir sér fyrir jákvæðum breytingum á lögum, reglum og stjórnarframkvæmd er varða íslenskt viðskiptalíf. Ráðið fær öll frumvörp er snerta hagsmuni viðskiptalífsins til umsagnar og hefur samband við félagsaðila þegar frumvörpin snerta hagsmuni þeirra beint. Ráðið gerir athugasemdir í samvinnu við félagsmenn sína og kemur þeim á framfæri til Alþingis. Með þeim hætti er ráðið málsvari félagsaðila sinna á Alþingi. Auk þess eru félagar Viðskiptaráðs tilnefndir í nefndir vegna einstakra frumvarpa og brýnna málefna.
- ▶ Viðskiptaráð annast samskipti við hið opinbera, sendiráð og stjórnvöld fyrir hönd félagsaðila sinna. Auk þess veitir ráðið aðilum sínum aðstoð í ágreiningsmálum við ríkisstofnanir og stjórnvöld. Málum félagsmanna er fylgt eftir með virku aðhaldi gagnvart opinberum aðilum, bréfa- og greinaskrifum, skipan vinnuhópa, útgáfu skýrslna og í óformlegum samskiptum.



- ▶ Fyrirtæki eiga oft erfitt með að feta sig í þungu regluverki hins opinbera. Á fjölmörgum sviðum eru höft lögð á starfsemi með óþarfa skriffræði og óskilvirkri reglusetningu. Viðskiptaráð beitir sér fyrir breytingum til batnaðar í þeim efnum auk þess að veita félögum sínum aðstoð og stuðning í einstökum málum.
- ▶ Viðskiptaráð leggur mikla áherslu á minni ríkisumsvif og berst gegn úþpenslu hins opinbera. Umfang reksturs ríkisins getur haft mikil áhrif á starfsumhverfi og starfsmöguleika einkafyrirtækja í landinu. Sérstaklega er mikilvægt að standa vörð um hagsmuni þeirra fyrirtækja sem standa í samkeppni við ríkið. Viðskiptaráð hefur verið leiðandi í umræðu um einkaframkvæmd og m.a. bent á kosti aukins einkareksturs í heilbrigðis-, mennta- og orkumálum.

Lögfræðiráðgjöf og gerðardómur:

- ▶ Lögfræðingur Viðskiptaráðs tekur að sér umsjón með ýmsum verkefnum fyrir aðildarfélög ráðsins endurgjaldslaust. Hann svarar m.a. fyrirspurnum sem tengjast inn- og útflutningi á vörum, starfsmannamálum, tiltekinni löggjöf og/eða reglugerðum sem tengist rekstri fyrirtækja.
- ▶ Lögfræðingur ráðsins tekur einnig að sér að veita almenna lögfræðiráðgjöf, iðulega í formi stuttra álitserða, í tengslum við umfangsmeiri álitamál. Það er vilji Viðskiptaráðs að slík ráðgjöf sé til þess fallin að skýra fyrir aðildarfélögum réttarstöðu þeirra í tilteknum málum og þeim þar með veittar leiðbeiningar um mögulegar málalyktir.
- ▶ Á vegum Viðskiptaráðs Íslands starfar sérstakur gerðardómur. Tilgangurinn með gerðardómnum er að bjóða félögum Viðskiptaráðs aðra leið til að leysa úr ágreiningi en almenna dómstóla. Bæði gerðardómsmeðferðin og úrskurður dómsins eru háð trúnaði. Aðildarfélög geta með málsskoti til gerðardómsins fengið niðurstöðu í mögulegum ágreiningi með skjótum og öruggum hætti.

Stjórnarhættir fyrirtækja:

- ▶ Viðskiptaráð Ísland hefur haft frumkvæði að útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Bæði heima fyrir og erlendis hafa fyrirtæki í auknu mæli tekið upp eigin starfsreglur og viðmið til þess að mæta breyttum tímum.
- ▶ Leiðbeiningarnar hafa það markmið að skýra hlutverk og störf stjórnarmanna og stjórnenda fyrirtækja á Íslandi. Með leiðbeiningunum er þessum aðilum auðveldað að rækja skyldur sínar um leið og hagur allra hluthafa í hlutafélögum er efldur. Viðskiptaráð hefur einnig gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja í ljósi yfirtöku ríkisins á helstu fjármálafyrirtækjum landsins.
- ▶ Viðskiptaráð tekur að sér ráðgjöf gagnvart öllum aðildarfélögum sínum við innleiðingu stjórnarháttanna fyrirtækja.



ATA Carnet - tímabundinn útflutningur:

- ▶ Á vegum Alþjóðatollasamvinnuráðsins í Brussel er í gildi tollsamþykkt um ATA Carnet skírteini sem heimilar tímabundinn útflutning á vörum og vörusýnishornum. Ætlast er til að viðkomandi vörur séu fluttar til baka innan eins árs eftir notkun í einu eða fleiri löndum. Í einstaka tilvikum kann fresturinn að vera styttri.
- ▶ Handhafi ATA skírteinis greiðir hvorki tolla né önnur aðflutningsgjöld í þeim löndum sem eru aðilar ATA samningsins, en þau eru nú um 50 talsins. Helstu vörutegundir sem fluttar hafa verið út á ATA skírteinum á undanförunum árum eru kvikmyndabúnaður, sjávarútvegsvörur vegna sýninga, tölvur og hugbúnaður, listaverk og leikmunir, hljómflytningstæki, mælitæki og rafeindatæki, fatnaður og fleira.
- ▶ ATA skírteini eru gefin út hjá Viðskiptaráði Íslands og þarf að sækja um útgáfu þeirra með tveggja daga fyrirvara. Félagar Viðskiptaráðs fá 25% afslátt af kostnaði vegna útgáfu ATA skírteina.

Upprunavottorð:

- ▶ Upprunavottorð hafa það hlutverk að staðfesta upprunaland tiltekinnar framleiðsluvöru. Hugtakið er fyrst og fremst þekkt úr fríverslunarsamningum, en þeir kveða á um tollfríðindi til handa vöru sem er upprunnin í aðildarlöndum viðkomandi fríverslunarsamnings.
- ▶ Í viðskiptum við ríki sem ekki hafa gert sérstaka samninga um upprunareglur er oft farið fram á staðfestingu á uppruna. Algengt er að erlendir kaupandi vöru fari fram á að íslenskur útflytjandi afli staðfestingar Viðskiptaráðsins á yfirlýsingu sinni á því að varan sé íslensk. Ástæðan er það almenna traust sem viðskiptaráð njóta um heim allan. eru þau í sumum tilfellum talin áreiðanlegri en stjórnvöld. Áritanir á yfirlýsingar eru veittar félagsmönnum án endurgjalds en aðrir þurfa að greiða fyrir þjónustuna.



Önnur vildarkjör:

- ▶ Félögum Viðskiptaráðs býðst námskeið á vegum Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík með 20% afslætti. Sum þessara námskeiða eru að frumkvæði Viðskiptaráðs eftir ábendingar frá félögum. Nánari upplýsingar um námskeið má nálgast á heimasíðu skólans.
- ▶ Viðskiptaráð býður mikið úrval bóka til sölu sem Alþjóðaverslunarráðið gefur út. Félagar ráðsins fá 10% afslátt af bókum.

Útgáfa Viðskiptaráðs

Viðskiptaráð hefur ávallt verið í fararbroddi nýrra hugmynda sem er ætlað að auka frelsi í viðskiptum og stuðla að alhliða framförum í íslensku viðskiptalífi. Útgáfa ráðsins markast fyrst og fremst af hagsmunum aðildarfélaga og er unnin í nánú samstarfi við þá. Viðskiptaráð leggur mikinn metnað í alla útgáfu þar sem trúverðugleiki og gagnsemi eru höfð að leiðarljósi. Með þeim hætti hefur ráðið skapað sér mikilvægan sess sem skoðanamyndandi aðili í almennri þjóðfélagsumræðu. Með aðild geta fyrirtæki tekið virkan þátt í útgáfustarfsemi ráðsins og komið sínum hagsmunamálum áleiðis í gegnum þriðja aðila.

Skoðanir Viðskiptaráðs:

- ▶ Viðskiptaráð gefur mánaðarlega út skoðanir ráðsins. Þar eru bæði tekin fyrir almenn málefni líðandi stundar sem og sértæk hagsmunamál félaga. Í þeim tilfellum sem um er að ræða mál tengd einstökum félögum er í mörgum tilfellum reynt að fella umræðuna á breiðari grunn til að auka vægi hennar. Skoðanir Viðskiptaráðs má skilgreina sem stuttar skýrslur og þeim er fylgt eftir með fréttatilkynningum og almennri fjölmiðlaumræðu. Með aðild að Viðskiptaráði gefst félögum tækifæri á að koma sínum hagsmunamálum áleiðis í gegnum skoðanir Viðskiptaráðs.

Umsagnir til Alþingis:


- ▶ Á hverju ári veitir Viðskiptaráð Íslands umsagnir um tugi frumvarpa sem lögð eru fram á Alþingi og varða íslenskt atvinnulíf. Þá fær Viðskiptaráð oft tækifæri til að veita umsögn um drög að frumvörpum i og um drög að reglum útgefnum af stofnunum. Undantekningarlítið er um að ræða frumvörp sem varða viðskiptalífið með beinum eða óbeinum hætti. Flestar umsagnarbeiðnir berast frá viðskiptanefnd og efnahags- og skattanefnd, en einnig frá öðrum nefndum, t.d. sjávarútvegsnefnd, menntamálanefnd, iðnaðarnefnd og félagsmálanefnd. Starfsmenn Viðskiptaráðs eru reglulega boðaðir fyrir þingnefndir til að fjalla um afstöðu ráðsins til ýmissa mála.
- ▶ Viðskiptaráð hefur einnig frumkvæði að því að veita þingnefndum umsagnir. Í mörgum tilfellum er það vegna ábendinga fyrirtækjum sem eru aðilar að ráðinu. Í flestum tilfellum er um löggjöf af ræða sem hefur veruleg áhrif á rekstrarskilyrði viðkomandi fyrirtækis. Með aðild að Viðskiptaráði gefst félögum tækifæri til að hafa bein áhrif á lagasetningu er varðar rekstrarhagsmuni þeirra í í gegnum umsagnarrétt ráðsins um lagafrumvörp.

Greinaskrif:

- ▶ Starfsmenn Viðskiptaráðs fylgja málefnavinnu ráðsins reglulega eftir með greinaskrifum í helstu fjölmiðla landsins. Í flestum tilfellum tengjast skrifin þeim hagsmunamálum sem eru efst á baugi í starfsemi ráðsins hverju sinni. Þess á milli birtir ráðið almennar stefnumótandi blaðagreinar þar sem knúið er á um ákveðin framtíðargildi og markmið í samfélaginu.

Skýrslur Viðskiptaráðs:

- ▶ Viðskiptaráð Íslands gefur reglulega út ítarlegar skýrslur um ýmis málefni. Segja mætti að útgáfa skýrslna hafi skipst í tvennt á síðustu árum.
- ▶ Annars vegar hafa verið ritaðar skýrslur á ensku, iðulega í samstarfi við erlenda fræðimenn, sem hafa nýst við upplýsingamiðlun íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu. Þessar skýrslur hafa jafnan fengið víðtæka umfjöllun og reynst mikilvægt innlegg um alþjóðlegri umræðu um íslenskt efnahagslíf. Í öllum tilvikum hefur verið sótt sérstakt fjármagn til aðildarfélaga og annarra hagsmunaaðila til að standa straum af kostnaði við slík verkefni.
- ▶ Hins vegar hefur ráðið ritað fjölmargar stefnumótandi skýrslur sem eiga það sameiginlegt að stuðla að framförum í íslensku viðskiptaumhverfi. Það er hlutverk Viðskiptaráðs að taka þátt um almennri umræðu og leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að hér geti aðstæður til viðskipta verið með besta móti. Viðskiptaráð hefur ávallt leitað álits hjá aðildarfélögum sínum í útgáfustarfi sínu, ekki síst við undirbúning um skrif á stærri skýrslum.



Önnur útgáfa:

- ▶ Viðskiptaráð hefur í auknum mæli gefið út glærुकynningar, yfirlitsskjöl, gagnasöfn, samantektir og annað sem gagnast aðildarfélögum í kynningarstarfi og hagsmunagæslu. Í stað þess að sama vinna sé unnin af hverju fyrirtæki fyrir sig getur oft reynst gagnlegt að nýta Viðskiptaráð sem miðlægan þjónustuaðila við framleiðslu slíks efnis. Þannig nýtist sérfræðikunnátta starfsmanna Viðskiptaráðs og komið er í veg fyrir óþarfa tvíverknað á meðal aðildarfélaga.

Tengslanet og málefnavinna

Félagar Viðskiptaráðs mynda góð tengsl sín á milli og geta stuðlað að samvinnu fyrirtækja úr ólíkum greinum atvinnulífs. Jafnframt styrkja félagar sambönd sín við aðra innlenda og erlendra aðila. Fjölmargir viðburðir fara fram undir nafni Viðskiptaráðs, bæði stórir og smáir, þar sem aðildarfélögum gefst gott færi á að mynda og styrkja tengsl sín á milli.

Stjórn Viðskiptaráðs:

- ▶ Stjórn Viðskiptaráðs er kosin á aðalfundi ráðsins sem haldinn er annað hvert ár. Stjórnina skipa 18 manns auk formanns sem kosinn er sérstaklega. Nítján varamenn eru jafnan boðaðir á stjórnarfundum og hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Alls eru því 38 fulltrúar aðildarfyrirtækja sem hafa aðgang að fundum stjórnar Viðskiptaráðs.
- ▶ Löng hefð er fyrir því að halda stjórnarfundum fyrsta mánudag hvers mánaðar að júlí og ágúst undanskildum. Á fundunum eru ýmis mál tengd atvinnulífinu rædd auk almennra stefnumála Viðskiptaráðs. Fulltrúar allra aðildarfélaga Viðskiptaráðs eru kjörgengir til stjórnar og fer atkvæðavægi í kosningum eftir árgjaldaflokki hvers fyrirtækis.
- ▶ Framkvæmdastjórn markar stefnu Viðskiptaráðs á hverjum tíma og hefur yfirumsjón með störfum á skrifstofu ráðsins. Mál sem koma til kasta ráðsins eru því í flestum tilfellum rædd innan framkvæmdastjórnarinnar. Stjórnina skipa formaður stjórnar, auk sex fulltrúa sem kosnir eru úr aðalstjórn Viðskiptaráðs.

Viðskiptaþing og aðrir fundir Viðskiptaráðs:

- ▶ Viðskiptaráð heldur reglulega fundum þar sem mikilvæg málefni eru tekin til umræðu og afstaða ráðsins kynnt. Algennt er að ráðið haldi slíka fundum í tengslum við útgáfu skýrsla eða annars efnis. Fundirnir eru í mörgum tilfellum haldnir í samstarfi við aðildarfélög með beinum eða óbeinum hætti. Aðildarfyrirtæki geta leitað til Viðskiptaráðs hafi þau áhuga á samstarfi eða aðstoð við skipulagningu slíkra funda.
- ▶ Viðskiptaþing Viðskiptaráðs Íslands er stærsti og fjölmennasti viðburður íslensks viðskiptalífs á ári hverju. Þingið er jafnan vel sótt af félögum, stjórnsmála- og embættismönnum og öðrum sem láta sig íslenskt atvinnulíf varða.
- ▶ Á Viðskiptaþingi kynnir Viðskiptaráð hugmyndir um hvernig auka megi árangur í íslensku atvinnulífi og renna þannig styrkari stoðum undir íslenskt efnahagslíf og þjóðarhag. Viðskiptaþing er vettvangur fyrir umræðu um málefni atvinnulífsins á hverjum tíma. Fulltrúar aðildarfélaga Viðskiptaráðs fá veglegan afslátt af aðgangseyri þingsins.



Málefnaþópar:

- Til að endurspeglar raddir sem flestra aðildarfélaganna leitar ráðið reglulega til fulltrúa þeirra í málefnavinnu sinni. Fyrir stærri verkefni, líkt og Viðskiptaþing, skýrslugerð eða stórar ályktanir hefur Viðskiptaráð stofnað vinnu- og rýnihópa í þessum tilgangi. Með því að taka þátt í málefnaþópum gefst fulltrúum fyrirtækja dýrmætt tækifæri á að koma skilaboðum áleiðis.



Alþjóðlegt samstarf:

- Eins og algengt er hjá erlendum viðskiptaráðum er Viðskiptaráð Íslands einnig vettvangur tengsla, erlendra sem og innlendra. Í gegnum tíðina hefur farið fram öflugt samstarf við önnur viðskiptaráð og hagsmunasamtök erlendis sem miðar að því að auka aðgang innlendra fyrirtækja á erlenda markaði og velvild til þeirra. Ráðið starfrækir einnig sérstök millilandaráð, bæði með beinum hætti og í samstarfi við aðra. Í dag eru sjö millilandaráð starfrækt af hálfu Viðskiptaráðs.
- Starfsemi alþjóðasviðs Viðskiptaráðs Íslands helst í hendur við áhuga erlendra aðila á Íslandi hverju sinni. Almennir áhugi á íslensku efnahagslífi aukist verulega samhliða auknum umsvifum íslenskra fyrirtækja á erlendum vettvangi og ekki síður í kjölfar hruns fjármálakerfis Íslands. Þessi áhugi kemur úr öllum áttum en þar má m.a. nefna erlenda blaðamenn, fyrirtæki og hagsmunaaðila tengda íslenskum fyrirtækjum með alþjóðlega starfsemi, alþjóðleg greiningarfyrirtæki og alþjóðlega fjárfesta. Alþjóðasvið Viðskiptaráðs og millilandaráðin eiga mikil og góð samskipti við sendiráð og ræðisskrifstofur erlendra ríkja hér á landi og mun Alþjóðasvið halda áfram að styrkja þau tengsl. Samstarf Alþjóðasviðs við utanríkisráðuneytið, íslensk sendiráð og Útflutningsráð hefur einnig farið vaxandi.
- Alþjóðleg tengsl Viðskiptaráðs eru einnig í gegnum Landsnefnd alþjóða viðskiptaráðsins sem er hluti af Alþjóðaviðskiptaráðinu í París (ICC). Helsta baráttumál ICC er hindrunarlaus milliríkjavíðskipti á öllum sviðum. Um 8.000 fyrirtæki eiga aðild að ICC um heim allan.
- Áberandi þáttur í starfi Alþjóðasviðsins er móttaka erlendra gesta og samskipti við þá. Fjölmargar viðskiptasendinefndir sækja Viðskiptaráð heim á hverju ári og er tilgangur heimsóknna sendinefndanna að kynna íslensku viðskiptalíf. Alþjóðasviðið hefur því einnig skipulagt fundi slíkra sendinefnda og forsvarsmanna hérlendra fyrirtækja.

Bakhjarl menntunar

Stjórnendur í atvinnulífinu gera sér sífellt betur grein fyrir því að til þess að standast samkeppni þurfa fyrirtæki að hafa innan sinna vébanda hæft og vel menntað starfsfólk. Alþjóðavæðing atvinnulífsins gerir það að verkum að fyrirtæki búa við meiri samkeppni en áður og ný tækni og meira flæði upplýsinga leiða til þess að kröfur til starfsfólks aukast stöðugt. Til að mæta þessari spurn eftir vel menntuðu og hæfu starfsfólki er mikilvægt fyrir atvinnulífið að taka virkan þátt í uppbyggingu menntunar. Þetta er hlutverk sem Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV) er ætlað að sinna. Í dag rekur SVÍV Verzlunarskóla Íslands auk þess sem stofnunin á stærstan hluta í Háskólanum í Reykjavík.

Háskólinn í Reykjavík:

- ▶ SVÍV stóð að stofnun Háskólans í Reykjavík sem að grunni til var byggður á áratuga reynslu og frábærum árangri Verzlunarskóla Íslands. Skólinn hefur nú starfað í nærri áratug við góðan orðstír. Á þessum tíma hefur skólinn tekið miklum breytingum, en stærsta skrefið var vafalaust sameining hans við Tækniháskóla Íslands. Öflugur nýr og sameinaður háskóli, Háskólinn í Reykjavík, býður nú upp á vandað og fjölbreytt nám á mörgum sviðum. Skólinn opnar ótal spennandi tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf til að mæta breyttum tímum og styrkir innviði og samkeppnishæfni íslensks hagkerfis.
- ▶ Innan tíðar mun Háskólinn í Reykjavík opna nýtt stórglæsilegt 35.000 fermetra húsnæði við rætur Öskjuhlíðar upp af Nauthólsvík. Hið nýja húsnæði verður táknumynd þeirra máttarstólpa er skólinn byggir á en þeir samanstanda af alþjóðlegum kröftum, þvegfaglegru tækni, framsækni, sköpunargleði og frelsi. Þannig mun húsnæðið endurspegla hlutverk HR sem er miðlun og sköpun þekkingar. Með því er ætlunin að bæta hæfni og lífsgæði einstaklinga, samkeppnisstöðu fyrirtækja og velsæld þjóðarinnar í heild. Það er ljóst að framtíð skólans er björt og spennandi verður að fylgjast með áframhaldandi uppbyggingu og alþjóðavæðingu Háskólans í Reykjavík.



Verzlunarskóli Íslands:

- ▶ Verzlunarskólinn tók til starfa haustið 1905, stofnaður af Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Kaupmannaráði Reykjavíkur. Markmið með stofnun skólans var að auðvelda Íslendingum að afla sér menntunar á verslunarsviði. Þegar Verzlunarráð var stofnað árið 1917 tók ráðið yfir rekstur skólans og hefur haft umsjón með honum alla tíð síðan.
- ▶ Á þeim hundrað árum sem liðin eru frá stofnun skólans hefur margt breyst. Nemendafjöldi hefur margfaldast og námsframboð orðið fjölbreyttara með hverjum áratuginum sem liðið hefur. Má því segja að Verzlunarskólinn hafi á þessum hundrað árum viðhaldið þeim sérkennum sínum að vera framsækinn skóli sem jafnan hefur leitast við að bjóða upp á fjölbreytt nám sem svarar kröfum síns tíma.



Hagnýtar upplýsingar

Starfsfólk Viðskiptaráðs:

Birna Ingólfssdóttir	Ritari framkvæmdastjóra	510 7106	birna@vi.is
Elísabet Allwood	Bókhald	510-7112	elisabet@vi.is
Finnur Oddsson	Framkvæmdastjóri	510-7100	finnur@vi.is
Frosti Ólafsson	Aðst. framkvæmdastjóri	510-7108	frosti@vi.is
Haraldur Ingi Birgisson	Lögfræðingur	510-7109	haraldur@vi.is
Hulda Sigurjónsdóttir	Ritari	510-7100	hulda@vi.is
Kristín S. Hjálmtýsdóttir	Alþjóðasvið	510-7111	kristin@vi.is
Þórunn Stefánsdóttir	Fjármálastjóri	510-7110	thorunn@vi.is

Skrifstofur Viðskiptaráðs:

Viðskiptaráð Íslands er staðsett á 7. hæð í Húsi Verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Símanúmer skrifstofu: 510-7100. Faxnúmer skrifstofu: 568-6564.

Tölvupóstur: mottaka@vi.is

Heimasíða: www.vi.is



Árgjaldatafla:

Félagsaðilum er raðað í gjaldaflokka miðað við veltu síðasta árs. Þeir eru þó ekki færðir milli flokka, hvorki til hækkunar né lækkunar, nema veltubreyting sé meiri en 10% og virðist varanleg.

Flokkar	Velta 2007	Árgjald	Ársfj. gjald
Einstakl.	Undir 15m	25.982	6.495
1. fl.	15 - 40m	55.145	13.786
2. fl.	40 - 100m	85.475	21.369
3. fl.	100 - 250m	115.698	28.925
4. fl.	250 - 500m	170.843	42.711
5. fl.	500 - 1.000m	260.348	65.087
6. fl.	1.000 - 2.000m	361.518	90.379
7. fl.	2.500 - 5.000m	462.688	115.672
8. fl.	5.000 - 10.000m	563.964	140.991
9. fl.	10.000 - 50.000	626.850	156.713
10. fl.	50.000 m +	940.275	235.069

Árgjöldin eru innheimt ársfjórðungslega. Gjaldþagi er við útsendingu reiknings og er þeim tilmælum beint til félaga að greiða strax við móttöku reiknings. Eindagi er í síðasta mánuði ársfjórðungs (dæmi: eindagi fyrir 1. ársfjórðung er 19. mars). Nýir aðilar á árinu greiða árgjald hlutfallslega frá þeim tíma sem þeir hljóta samþykki sem slíkir. Árgjöld uppfærast árlega samkvæmt breytingu á vísitölu neysluverðs.

